



Samningur 2011-2014

milli

Samtaka atvinnulífsins

og

**Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og
Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis**

**vegna afgreiðslu og þjónustustarfa
á bensínafgreiðslustöðum**

Gildir frá 22. júní 2011 – 31. janúar 2014

Samningur þessi er hluti af viðkomandi aðalkjarsamningi aðila og hefur sama gildistíma og hann.

I.kafli Um laun

1.1. Launaflokkar

Um mánaðalaun með vaktaskiptagjaldi og fæðisgjaldi fer skv. eftirfarandi launaflokkaröðun:

I. Starfsmenn sem sinna útistörfum, og afgreiðslu á bensínafgreiðslustöðum. Önnur almenn þjónusta og verkamannastörf. Launaflokkur 6

Mánaðalaun	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Byrjunarlaun	177.814	188.814	199.814
E.1 ár í st.gr.	179.500	190.500	201.500
E.3 ár í st.gr.	181.211	192.211	203.211
E.5 ár í st.gr.	182.948	193.948	204.948
E.7 ár í fyrirt.	184.711	195.711	206.711

II. Starfsmenn á bensínafgreiðslustöðum sem jafnhliða sinna úti- og kassastörfum og vinna að staðaldri hluta hveurrar vaktar við afgreiðslustörf í verzlun og á kassa. Launaflokkur 7

Mánaðalaun	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Byrjunarlaun	179.500	190.500	201.500
E.1 ár í st.gr.	181.211	192.211	203.211
E.3 ár í st.gr.	182.948	193.948	204.948
E.5 ár í st.gr.	184.711	195.711	206.711
E.7 ár í fyrirt.	186.500	197.500	208.500

III. Vaktstjórar (kassamenn) sem sérstaklega eru ráðnir sem umsjónarmenn á vakt auk þess að sinna sölu og kassastörfum. Launaflokkur 9

Mánaðalaun	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013
Byrjunarlaun	182.948	193.948	204.948
E.1 ár í st.gr.	184.711	195.711	206.711
E.3 ár í st.gr.	186.500	197.500	208.500
E.5 ár í st.gr.	188.316	199.316	210.316
E.7 ár í fyrirt.	190.159	201.159	212.159

Um laun ungmenna fer samkvæmt gr. 1.1.2. í aðalkjarsamningi.

1.2 Deilitala

Tímakaup í dagvinnu (til útreiknings á yfirvinnu) skal fundið með því að deila í mánaðakaup án álags með 173,33.

1.3 Vaktaálög

Vinna á vöktum, sem fellur utan tímamarkanna kl. 08:00 - 18:00 mánudag - föstudags greiðist með vaktaálagi sem hér segir:

Mánudag - föstudags kl. 18:00 - 24:00 greiðist 33% álag.

Laugardag og sunnudag greiðist 45% álag.

Mánudag - sunnudags kl. 24.00 - 08.00 greiðist 55% álag.

1.4. Vaktaskiptagjald

Í launum skv. gr. 1.1 eru innifaldar greiðslur vegna vaktaskipta og undirbúnings fyrir opnunartíma á bensínafgreiðslustöðum að morgni og frágangs eftir lokun. Miðað er við að slíkur tími sé 15 mínútur á hverri vakt og hefur greiðsla fyrir þennan tíma verið felld inn í taxa og myndar grunn að yfirvinnu.

1.5 Fæðis kaup

Í launum skv. gr. 1.1. eru innifaldar greiðslur vegna fæðiskostnaðar vaktavinnumanna sem ekki eiga kost á mat á vinnustað.

Starfsmenn skulu eiga kost á að kaupa sér fæði á innanfélagsverði skv. nánari útfærslu innan hvers olíufélags fyrir sig. Vinnuveitandi leggur til örbylgjuofn á vinnustað.

1.6 Kassauppgjör

Greiðsla fyrir kassauppgjör á bensínafgreiðslustöðum skal vera kr. 1.202,92 (1.6.2011) fyrir uppgjör og tekur almennum launahækkunum skv. gr. 1.2.1. í aðalkjarasamningi.

1.7 Þjónustuuppbót

Fastir starfsmenn fá greidda sérstaka þjónustuuppbót sem tekur mið af einum eða fleiri af eftirfarandi þáttum: veittri þjónustu, söluárangri, framlagi til hagræðingar, minni rýrnun, árangri í hreinlæti og snyrtimennsku, bættri vörumeðferð, lækkun rekstrarkostnaðar og öðrum atriðum sem hafa áhrif á starfseminu. Útfærsla þjónustuuppbótar og árangursviðmiðanir fara fram innan hvers fyrirtækis fyrir sig. Nánari útfærsla og breytingar á þeim kerfum sem þjónustuuppbótin byggir á, svo og leiðréttingar, skulu gerðar í samvinnu við trúnaðarmenn.

1.8. Aldurshækkunir

Flytjist starfsmaður á milli olíufélaga eftir eins árs starf eða meira skal hann halda áunnum aldurshækkunum launa.

II.kafli Um vaktskrá og vinnu á helgidögum

2.1. Frídagar

Stórhátíðardagar teljast vera:

Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur eftir kl. 12:00, jóladagur og gamlársgdagur eftir kl. 12:00

Aðrir almennir frídagar:

Skírdagur, annar í páskum, uppstigningardagur, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, annar í hvítasunnu, annar í jólum og fyrsti mánudagur í ágúst.

Bókun 2004 um almenna frídaga

Með vísan til kafla II., Um vaktskrá og vinnu á helgidögum, er sameiginlegur skilningur aðila að starfsmenn skulu eiga frí aðfangadag eftir kl. 15:00 og gamlársgdag eftir kl. 15.00, jóladag og nýársdag.

Á öðrum stórhátíðardögum og skulu fastráðnir starfsmenn eiga kost á fríi.

Fastráðnir starfsmenn skulu ennfremur eiga kost á fríi á öðrum degi jóla, 1. maí og eftir kl. 15:00 (16:00) á eftirtöldum dögum: Annan páskadag, sumardaginn fyrsta, uppstigningardag, annan í hvítasunnu, fyrsta mánudag í ágúst og eftir kl. 18:00 á skírdag.

2.2 Vaktaskrá

Vaktskrá skal að jafnaði miðuð við 173,33 stundir í mánuði og hlutfallslega fyrir hlutavinnufólk. Vaktskrá skal skipulögð tvo mánuði fram í tímann og liggja frammi með a.m.k. átta daga fyrirvara. Í vaktskrá skal tilgreina vaktir hvers starfsmanns auk fasts vinnutíma hans yfir vakttímabilið. Heimilt er að gera breytingar á reglubundnum vöktum í samráði við starfsmenn og trúnaðarmann þegar þörf er á enda séu slíkar breytingar tilkynntar með a.m.k. 8 daga fyrirvara.

2.3 Yfirvinna

Öll yfirvinna starfsmanna skal greidd með yfirvinnukaupi sem er 1,0385% af mánaðarkaupi án vaktaálags sbr. 1.1.

2.4. Stórhátíðarvinna

Fyrir vinnu á stórhátíðum greiðist stórhátíðarkaup og fyrir vinnu á öðrum almennum frídögum greiðist yfirvinna.

Þó skulu starfsmenn fá greitt stórhátíðar kaup fyrir vinnu þann 1. maí.

2.5. Vinna fastráðinna á stórhátíðardögum

Vinni fastráðinn starfsmaður á stórhátíðardegi skal stórhátíðarálagið (mismunur stórhátíðar kaups og dagvinnulauna) greitt út með launum. Starfsmaður fær að auki frí á dagvinnulaunum, sem tekið skal skv. samkomulagi starfsmanns og yfirmanns.

Dæmi: Fastráðinn starfsmaður vinnur 17. júní og fær fyrir það greidd stórhátíðarlaun fyrir hvern unninn tíma. Frá því dragast dagvinnulaun í samræmi við unninn vinnutíma 17. júní og starfsmaður fær þess í stað síðar samsvarandi frí á launum.

2.6. Útkall

Greiðsla fyrir útkall skal vera 4 klst. hið minnsta eða þann tíma sem unnið er, sé kallað til vinnu utan vinnutíma skv. vaktaskrá, enda séu liðnar 2 klst. eða meira frá því að vinnu/vakt lauk eða þangað til hún byrjar, annars skal starfsmaður halda kaupum svo sem um samfelldan tíma hafi verið að ræða.

III.kafli Um matar- og kaffitíma

3.1 Neysluhlé

Sé daglegur vinnutími starfsmanns lengri en 6 klst. skal hann eiga rétt á a.m.k. 15 mínútna samfelld neysluhlé á vakt. Neysluhlé skal taka með tilliti til aðstæðna hverju sinni og telst til greidds vinnutíma.

IV.kafli Um starfsskyldur

4.1 Starfsskyldur

Öllum starfsmönnum olúfélaga er undir samning þennan falla er skylt gegn hinu samningsbundna mánaðakaupi, að vinna öll þau störf sem til falla á bensínafgreiðslustöðum olúfélaganna í samræmi við ákvarðanir yfirmanna hverju sinni að teknu tilliti til aðstæðna á vinnustaðnum.

4.2 Vaktstjórar

Vaktstjórar (kassamenn), sem eru sérstaklega ráðnir til að hafa umsjón á vakt, skulu auk þess sinna öllum almennum afgreiðslustörfum í verslun svo og öðrum tilfallandi störfum. Þeir eru ábyrgir fyrir að vinnureglum sé framfylgt í hvívetna, stöðvunum haldið snyrtilegum og þrífum sinnt í samræmi við vinnustaðla. (Tafla III).

4.3 **Inni- og útimenn**

Starfsmenn, sem eru ráðnir til að sinna jafnhliða úti- og kassastörfum. Við það er miðað að starfsmaður vinni að staðaldri hluta hverrar vaktar við afgreiðslustörf í verslun og á kassa, og taki þátt í öllum hefðbundnum störfum vaktstjóra (kassamanna) allt eftir þörfum hverju sinni. (Tafla II).

4.4 **Útimenn**

Starfsmenn, sem sérstaklega eru ráðnir til bensínafgreiðslu-starfa utandyra, skulu m.a. annast þrif og sjá um að halda stöðvunum snyrtilegum, auk þess að sinna almennum afgreiðslu- og þjónustustörfum og íhlaupum á kassa stutta stund í einu. (Tafla I).

V.kafli **Um námskeið**

5.1 **Starfsþjálfunarnámskeið**

Áður en 6 mánaða starfsaldri er náð skulu byrjendur njóta starfsþjálfunarnámskeiða, s.s. í brunavörnum. Starfsmenn skulu sækja þau námskeið, sem félagið ákveður að standa fyrir og varða starfssvið þeirra.

VI.kafli **Um vinnuföt**

7.1. **Vinnufatnaður**

Sé þess krafist, að starfsmenn klæðist sérstökum vinnufatnaði við vinnu sína, skulu þau lögð þeim til að kostnaðarlausu og einnig þvottur á þeim. Útimönnum á bensínafgreiðslustöðum skulu lagðir til vinnuvettlingar eftir þörfum.

Útimenn skulu eftir 3ja mánaða starf, eða a.m.k. 450 klst. vinnu, fá sér að kostnaðarlausu úthlutað vinnuskóm sem henta aðstæðum á bensínafgreiðslustöðum. Miðað er við eitt par á ári. Láti starfsmaður af störfum fyrstu 3 mánuði eftir afhendingu skófatnaðar, tekur hann þátt í kostnaðarskiptingu miðað við starfstíma.

Þeir starfsmenn sem hafa umsjón með þvottastöðvum skulu auk þess eiga rétt á einu pari af skóm/stigvélum með olíuþolnum sólum á ári.

VII.kafli Um flutning

10.1 Ferðir til og frá vinnu

Þegar starfsmenn hefja eða hætta vinnu á þeim tíma sólarhrings sem strætisvagnar ganga ekki, skal þeim séð fyrir ferðum til og frá vinnustað, þeim að kostnaðarlausu eftir nánara samkomulagi um leiðir.

VIII.kafli Um annað

11.1. Önnur atriði

Um önnur atriði en fram eru tekin í samningi þessum, skulu gilda ákvæði hins almenna samnings aðila eftir því sem við á. Þó skal hverjum vinnuveitanda frjálst að ráða einn mann með sérþekkingu á hvern bensínafgreiðslustað, ef þeir telja þess þörf, þótt starfsmaður sé ekki félagsmaður hlutaðeigandi verkalýðsfélags og telst það ekki samningsbrot.

IX.kafli Um gildistíma

Samningur þessi hefur sama gildistíma og aðalsamningur aðila.

Bókun um starfsmenntun

Í þeim tilgangi að stuðla að eflingu starfsmenntunar starfsmanna bensín-afgreiðslustaða eru olíufélögin reiðubúin að koma á fót starfshópum, tveir fulltrúar starfsmanna og tveir frá viðkomandi olíufélagi sem starfa muni á samningstímabilinu. Komi sameiginleg verkefni til umræðu er starfsmönnum frjálst að kalla til fulltrúa stéttarfélags.

Bókun um flutningslínu Verkalýðsfélagsins Hlífar

Starfsmaður skal mæta til vinnu í eigin tíma og á eigin vegum innan flutningslínu sem markast af félagssvæði Hlífar innan byggðamarka og leiðakerfi Almenningsvagna utan félagssvæðisins.

Bókun um fæðiskaup

Skv. gr. 1.5 skulu starfsmenn eiga kost á að kaupa fæði á innanfélagsverði. Nánari útfærsla á afslætti á söluvörum og öðrum möguleikum skal ákveðin innan hvers olíufélags í samráði við starfsmenn. Fjallað skal um málið í samstarfsnefnd sem í eiga sæti trúnaðarmaður og tveir aðrir fulltrúar starfsmanna auk fulltrúa vinnuveitanda.

Bókun 2004

vegna starfsmanna í hlutastarfi og tilfallandi störfum og hagræðing vegna breytingar á greiðslufyrirkomulagi vegna þeirra starfsmanna

Starfsmenn bensínafgreiðslustaða sem taka að sér tilfallandi vinnu og/eða vaktavinnu sem aukastarf fá greitt skv. grein 1.3 í samningnum. Starfsmönnum, sem eru við störf við undirritun samnings skulu tryggð óbreytt kjör á meðan á ráðningu þeirra stendur.

Í tengslum við þessa breytingu á vinnutímafyrirkomulagi hlutastarfsmanna og starfsmanna í tilfallandi starfi eru olíufélögin reiðubúin í samráði við trúnaðarmenn að leggja mat á hvort raunveruleg hagræðing hafi orðið. Trúnaðarmenn geta kallað til fulltrúa stéttarfélags ef þörf er á. Mat þetta skal fara fram á haustmánuðum 2005.

Bókun 2004

um sveigjanlegt vinnutímakerfi

Það er sameiginleg afstaða samningsaðila að upptaka sveigjanlegs vinnutímakerfis geti orðið olíufélögunum og starfsmönnum til hagsbóta. Olíufélögin skulu hafa þann möguleika á samningstímanum að breyta núverandi vaktakerfum starfsmanna bensínafgreiðslustaða og taka upp vinnutímakerfi sem gefur starfsmönnum aukinn möguleika á að velja sinn vinnutíma. Slíkt verður þó ekki gert nema með góðum undirbúningi og samvinnu trúnaðarmanna, starfsmanna og fyrirtækjanna. Trúnaðarmönnum er frjálst að leita til viðkomandi stéttarfélags telji þeir þörf á.

Stefnt skal að því að hafa breytt kerfi til reynslu í ákveðinn tíma og meta þá kosti og galla þess. Sem lið í þessari vinnu hafa samningsaðilar samþykkt að endurskoða I. og II. kafla samningsins á samningstímanum í samræmi við þá þörf sem nauðsynleg er vegna breytinganna. Samningsaðilar geta endurskoðað kafla I og II hver fyrir sig eða sameiginlega eftir samkomulagi. Miðað er við að reynslutími fari ekki yfir 6 mánuði og að honum liðnum eru olíufélögin reiðubúin í samvinnu við trúnaðarmenn að leggja mat á hvort raunveruleg hagræðing hafi orðið af sveigjanlegum vinnutíma.

Samkomulag milli Olíufélagsins h/f og Eflingar-stéttarfélags og Verkalýðsfélagsins Hlífar vegna starfa félagsmanna við afgreiðslu á bensínaafgreiðslustöðvum

Starfsmenn eiga kost á að kaupa fæði á innanfélagsverði samkvæmt nánari útfærslu innan félagsins. Samstarfsnefnd, samkvæmt bókun með kjarasamningi aðila hefur það verkefni með höndum að fjalla um hvaða vörutegundir falla undir samkomulagið, skilgreina magn og ræða afsláttarkjör. Stefnt er að því að afslættir verði að jafnaði 20% þó þeir geti orðið mismunandi eftir vörutegundum.

Samkomulag milli Skeljungs h/f og Eflingar-stéttarfélags og Verkalýðsfélagsins Hlífar vegna starfa félagsmanna við afgreiðslu á bensínaafgreiðslustöðvum

Starfsmenn eiga kost á að kaupa fæði á innanfélagsverði samkvæmt nánari útfærslu innan félagsins. Samstarfsnefnd, samkvæmt bókun með kjarasamningi aðila hefur það verkefni með höndum að fjalla um hvaða vörutegundir falla undir samkomulagið, skilgreina magn og ræða afsláttarkjör. Stefnt er að því að afslættir verði að jafnaði 20% þó þeir geti orðið mismunandi eftir vörutegundum.

Samkomulag milli Olíuverslunar Íslands h/f og Eflingar- stéttarfélags og Verkalýðsfélagsins Hlífar vegna starfa félagsmanna við afgreiðslu á bensínaafgreiðslustöðvum

Starfsmenn eiga kost á að kaupa fæði á innanfélagsverði samkvæmt nánari útfærslu innan félagsins. Samstarfsnefnd, samkvæmt bókun með kjarasamningi aðila hefur það verkefni með höndum að fjalla um hvaða vörutegundir falla undir samkomulagið, skilgreina magn og ræða afsláttarkjör. Stefnt er að því að afslættir verði að jafnaði 20% þó þeir geti orðið mismunandi eftir vörutegundum.
